

Reykjavík 20.10.2022

UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vegna aðgengis að Hlemmi (US220171)

Á fundi skipulags- og samgönguráðs dags. 10.08.2022 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skipulagsfulltrúa:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir eftirfarandi upplýsingum vegna breytinga á Rauðarárstíg norðan Hlemmtorgs.
Var haft samráð við íbúa vegna breytinga á Rauðarárstíg norðan Hlemmtorgs? Hefur verið tekið tillit til aðgengis íbúa og þeirra áhrifa sem þessi breyting gæti haft á möguleika þeirra til að athafna sig, t.d. ef þau eru að koma heim með stóra hluti eða mikil innkaup?"*


Svar:

Yfirlit kynninga í tengslum við framsetningu nýs deiliskipulags 2020 og deiliskipulagsbreytingar 2021.

Við vinnslu upphaflegrar deiliskipulagstillögu var haldin opinn kynningarfundur í Kerhólum í janúar 2020. Þar mættu formarður skipulags- og samgönguráðs, fulltrúar frá skipulagsfulltrúa og deild borgarhönnunar frá skrifstofu samgöngustjóra. Nokkru áður, þ.e. undir lok árs 2019, var bæklingum dreift um nágrenni Hlemmtorgs til kynningar.

Við deiliskipulagsbreytingu í upphafi árs gafst almenningi kostur á að senda inn athugasemdir við tillögur sem snéru m.a. að útfærslu torghönnunar.

Allt nánara snið á bílastæðum, svo sem staðsetning og gerð - bílastæði fyrir hreyfihamlaða, rafmagns-hleðslustæði eða leigubílastæði - er útfært á seinni stigum, þ.e. á verkhönnunarstigi sem tekur mið af skilmálum deiliskipulags. Í uppfærðu skilmálahefti kafla 5 - SKILMÁLAR bls. 29 (uppfært skilmálahefti eftir deiliskipulagsbreytingu (staðfest í B-deild 7. apríl 2022) má kynna sér skilmálana sem ávarpa umferð og göturými, t.a.m. Rauðarárstígs:



Á þeim svæðum þar sem er í gildi deiliskipulag er ekki vaninn að grenndarkynna framkvæmdaleyfi sem sýnir endanlega hönnun og útfærslu einstakra svæða, svo sem útfærslu götu og bílastæða. Framkvæmdaleyfi vegna umræddra framkvæmda sem fyrirspurnin tekur til var ekki grenndarkynnt sérstaklega.

Mjög mikilvægt nefna í þessu samhengi að í fyrravetur var tekið upp breytt og uppfært fyrirkomulag um kynningar og samráð vegna framkvæmda á vegum borgarinnar. Nú eru ekki bara send út bréf á valda hagaðila í nágrenni væntanlegra framkvæmda. Kynningarhópur USK og Veitna er ávallt á vaktinni og hefur kynnt reglulega fyrir íbúum allar framkvæmdir á Rauðarárstíg norður, frá Brietartúni að Hverfisgötu frá því í febrúar með fréttum, tölvupóstum og heimsóknum. Hópurinn hefur svarað fyrirspurnum og verið í sambandi við húsfélagið um aðgengi. Hópurinn er með kynningarsíðu á vef borgarinnar þar sem safnar er m.a. saman fréttum. Hópurinn kynnir með þessu móti endanlega útfærslu götunnar. Hópurinn hefur svarað spurningum húsfélagsins um bílastæði fyrir framan og á baklóð og sagt þeim að kynningarhópurinn verði í samráði við þau um skipulag baklóðar. Hópurinn hefur sent þeim slóð á skýringarmyndir og uppdrætti:

<https://reykjavik.is/frettir/framkvaemdir-reykjavikurborgar-og-veitna-raudararstig>

<https://reykjavik.is/hlemmur>

Í þessum Hlemm-kynningarhópi sem tekur einnig til Rauðarárstígs eru fulltrúar frá Umhverfis- og skipulagssviði og Veitum. Hópur þessi talar við og miðlar upplýsingum milli einstakra verkefnastjóra USK og Veitna, verktaka og íbúa. Hópurinn er auk þess með efni á pólsku. Nú nýlega beitti hópurinn sér þegar tilkynnt var um endurnýjun lagna frá bakgörðum innan Skúlagarðs. Ljóst má vera að ekki er um sýndarsamráð að ræða við íbúa.

Einn starfsmanna borgarhönnunardeildar fór í viðtal á Rás 1 þar sem útskýrð voru ýmis vafaatriði.

Vegna framkvæmda á Rauðarárstíg norðan Bríetartúns var haft samband við hreyfihamlaðan einstakling sem býr við götuna en sá aðili hefur ákveðið P-skilti sem þurfti að færa til tímabundið. Þetta er sérmerkt stæði, með bílnúmeri, fyrir einn íbúa í Rauðarárstíg 3. Hann þyrfti að fá sérmerkt stæði á meðan á framkvæmdum stendur, sem er með auðvelt aðgengi að stíg að inngangi. Að framkvæmdum loknum verða loks tvö merkt P-stæði sem viðkomandi aðili mun hafa aðgang að í nýjum botnlanga Rauðarárstígs.

f.h. skipulagsfulltrúa
Ingvar Jón Bates Gíslason, arkitekt